

## 18. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Hótel Rangá, fimmtudaginn 2. júlí n.k. kl. 11.30

**Mætt voru:** Friðrik Pálsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Elvar K. Valsson, Þorgils Torfi Jónsson og Hörður Sigurgestsson. Elliði Vignisson boðaði forföll. Einnig voru mætt starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir, Hrafn Sævaldsson og Þorbjörn Jónsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Setning fundar.

Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

#### 2. Innsendar umsóknir til afgreiðslu

##### • Menningarklasi Uppsveita Árnassýslu

Um er að ræða nýtt samstarf, sem þó hefur verið í gerjun sl. mánuði og hefur vaxandi hópur einstaklinga og fyrirtækja úr uppsveitum Árnassýslu, sem með ýmsum hætti fæst við miðlun menningar og sögu uppsveitanna, hist á þremur undirbúningsfundum í Skálholtsskóla. Á fundunum hefur hópurinn þróað með sér hugmyndir um verkefni sem hafi að leiðarljósi samstarf um rannsóknir og miðlun á menningarsögu uppsveitanna. Óskað var eftir 3 milljón króna framlagi frá VSSV en heildarkostnaður er 6 milljónir króna.

*Usóknin var lögð fram til kynningar en afgreiðslu var frestað til næsta fundar.*

##### • Skemmtiferðaskip til Vestmannaeyja

Markmið verkefnisins er að greina stöðu ferðapjónustu og verslunar í Vestmannaeyjum með tilliti til komu skemmtiferðaskipa til Vestmannaeyja. Undirbúningur verkefnisins er að efla samstarf aðila klasans í málum er tengjast skemmtiferðaskipakomum til Vestmannaeyja. Umsóknin hljóðar upp á 1.212.000 króna en heildarkostnaður hljóðar upp á 2.423.800 kr.

*Framkvæmdaráð samþykkti að styrkja verkefnið um þá upphæð sem sótt er um.*

##### • Friður og frumkraftar – ferðamálafélag Skaftárhrepps

Friður og frumkraftar / At Ease with the Elements er yfirskrift verkefnisins og byggir á niðurstöðunni úr mörkunarkerfinu. Markmið verkefnisins er að efla byggð í Skaftárhreppi, fjölga atvinnutækifærum og standa vörð um þau sem fyrir eru og styrkja ímynd Skaftárhrepps. Verkefnið byggir á sérstöðu svæðisins, auðlindum þess í náttúru, sögu og mannaöldi og víðtæku samstarfi heimamanna. Viðfangsefnið verða markaðsmál, vörupróun og efling samstarfs og samstöðu. Sótt er um 2 milljónir en er heildarkostnaður er 7.520.000 króna.

*Framkvæmdaráð samþykkti að styrkja verkefnið um þá upphæð sem sótt er um.*

##### • Matarklasi í Vestmannaeyjum

Umsækjandi er Matarklasi í Vestmannaeyjum. Um nýtt samstarf er að ræða. Hópurinn samanstendur af áhugafólki og atvinnurekendum sem undirbúið hafa stofnun Matarklasa í

Vestmannaeyjum frá hausti 2008 fram til sumarsins 2009. Fjölmargir samstarfsfundir hafa verið haldnir, bæði opin fundur og lokaðir fundir undirbúningshóps. Einstakir aðilar innan undirbúningshópsins hafa átt í samstarfi auk þess sem fjölmörg fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum hafa átt í samstarfi, m.a. í vöruþróun og rannsóknarverkefnum, tengdum matvælum. Sótt er um 2 milljónir en heildar kostnaður er 4.200.000 króna.

*Ráðið samþykkir að styrkja verkefnið um 1 milljón króna fyrir fyrstu 2 verkþætti verkefnisins . Áframhaldandi stuðningur er háður þeim árangri sem næst í fyrria hluta verkefnisins og að fyrir liggja áætlun um framkvæmd og framþróun verkefnisins sem fylgi framhaldsumsókn.*

### **3. Staða verkefna og fjármála VSSV**

Sædís Íva fór yfir fjárhagsstöðu Vaxtasamningsins.

### **4. 15 milljón króna verkefnið**

Í Vaxtasamningnum eru skilgreindar 15 milljónir frá lðnaðarráðuneytinu til sérstakra verkefna. Unnið hefur verið að tillögu að útfærslu og framkvæmda þessa verkefnis. Hrafn og Steingerður kynntu verkefnið fyrir framkvæmdaráði. Framkvæmdaráði lýst vel á fram komnar hugmyndir og hvetur til áframhaldandi vinnu við verkefnið sem í framhaldinu verður kynnt í ráðuneytinu.

---

Friðrik Pálsson

---

Jóna Sigurbjartsdóttir

---

Elvar K. Valsson

---

Þorgils Torfi Jónsson

---

Hörður Sigurðsson

---

Sædís Íva Elíasdóttir

---

Hrafn Sævaldsson

---

Steingerður Hreinsdóttir

---

Þorbjörn Jónsson